

Fréttapistill frá forseta Íslands

17. júní 2020

Kæru landsmenn! Gleðilegan þjóðhátíðardag. Megið þið öll njóta þessarar hátíðarstundar okkar Íslendinga. Vissulega valda hömlur á mannamót því að ekki er sami bragur yfir 17. júní og alla jafna en samt getum við gert okkur glaðan dag.

Á þessum degi, fæðingardeggi Jóns Sigurðssonar, er við hæfi að rifja upp reynslu liðins tíma en horfa um leið björtum augum fram á veg. Síðustu mánuðir hafa verið okkur erfiðir á marga lund. Við misstum fólk af völdum veirunnar skæðu og hún hefur valdið miklum búsisfjum. Samt getum við sagt okkur sjálfum og öðrum að hér hafi tekist vel til í baráttu við þennan vággest. Fullnaðarsigur er þó ekki unninn og brýnt að við séum áfram á verði. Og við hæfi er að minnast orða Jóns forseta frá árinu 1851, nokkrum dögum fyrir þjóðfundinn fræga það ár. „Eftir minni meiningu,“ skrifaði hann, „þá er seiglan okkar besti bjargvættur, og þá þarf ekki að kvíða, ef hún er óbilug.“ Stuttu áður hafði Jón Sigurðsson lýst nauðsyn samúðar og samhjálpur með þessum orðum: „Kjör manna, stétta og þjóða eru svo samtvinnuð, að eins gagn er í rauninni allra gagn og eins skaði allra skaði.“ Þeim vísdomsorðum má líka hampa.

Í síðustu viku bar sitthvað til tíðinda í mínum embættisstörfum. Þriðjudaginn 9. júní var ég viðstaddur þegar sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi afhenti Barnaspítala Hringsins lækningatæki að gjöf fyrir hönd starfsliðs sendiráðsins hér á landi. Færði ég Jeffrey Ross Gunter og hans fólki þakkir fyrir þann rausnarskap og nefndi í stuttu ávarpi að hremmingar síðustu vikna og mánaða hefðu einmitt minnt okkur á mikilvægi samkenndar og samstöðu, og gildi vísindalegrar þekkingar.

Tvo næstu daga fengum við Eliza góða gesti á Bessastaði, eldri borgara frá Múlabæ í Reykjavík. Þar er dagþjálfun í boði og ýmiss konar afþreying. Við höfum áður heimsótt Múlabæ og gott var að geta nú endurgoldið þá gestrisni sem við nutum þar.

Síðastliðinn fimmtudag átti ég fund með Sveini Rúnari Haukssyni, fyrrverandi formanni félagsins Ísland-Palestína, og Borgþóri Kjærnested, fararstjóra í ferðum til Palestínu. Ræddum við um samskipti Íslands og Palestínu í áranna rás og þau tímamót á næsta ári að þá verður liðinn áratugur frá því að íslensk stjórnvöld viðurkenndu sjálfstæði og fullveldi Palestínu.

Þennan dag ræddi ég einnig um forsetaembættið við fimm 12 ára drengi frá FÁUP, Fréttastofu áhugamanna um pólitík.

Á laugardaginn var hlotnaðist Elizuz sá heiður að ræsa kvennahlaup ÍSÍ í Garðabæ og flytja þar hvatningarávarp. Síðar þann dag lá leið okkar til Akureyrar. Á sunnudeginum kynnti ég mér nýja sýningu á Minjasafni Akureyrar um tónlistarsögu bæjarins og kynnti mér safnið í heild sinni.

Ég ítreka heillaóskir til ykkar allra á þjóðhátíðardegi okkar Íslendinga. Megi ykkur öllum farnast vel.